

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/64/01

frá 8. september 2011

um stuðning við neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (e. *eCall*) innan alls Evrópusambandsins á rafrænum fjarskiptanetum fyrir flutning á neyðarsímtölum úr ökutækjum á grundvelli 112 („eCalls“)

(2011/750/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun ráðsins 91/396/EBE frá 29. júlí 1991 um að koma á samevrópsku neyðarnúmeri ⁽¹⁾ er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að símanúmerið „112“ verði tekið upp sem samevrópskt neyðarnúmer í almennum talsímanetum.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin tryggja að upphringingum í númerið 112 sé svarað og brugðist við þeim með viðeigandi hætti, og að allir endanlegir notendur geti hringt í 112 án endurgjalds.
- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæðdra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta ⁽³⁾ var samræmd veiting rekstrarsamhæfðrar þjónustu fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökutæki á vegum innan alls Evrópusambandsins tilgreind sem forgangsaðgerð. Innleiðing slíkrar samræmdrar þjónustu í öllum farartækjum í Evrópusambandinu getur dregið verulega úr fjölda banaslysa og alvarleika meiðsla af völdum umferðarslysa.
- 4) Mikilvægt er að öll aðildarríki þrói sameiginlegar tæknilausnir og starfsvenjur við veitingu neyðarnúmera-

þjónustu. Vinna skal að þróun sameiginlegra tæknilausna gegnum evrópskar staðlastofnanir, til þess að auðvelda innleiðingu þjónustunnar fyrir neyðarnúmer fyrir ökutæki á vegum, tryggja rekstrarsamhæfi og samfellu þjónustunnar innan alls Evrópusambandsins, og draga úr kostnaði fyrir Evrópusambandið við innleiðinguna.

- 5) Samræmd lausn um alla Evrópu mundi tryggja rekstrarsamhæfi við sendingu radd/hljódsímtala og lágmarksgagnasafns sem verður til í neyðarsímtalskerfi í ökutæki og senderutil opinberra neyðarsímsvörunarstöðva, m.a. nákvæma staðsetningu og tíma atviks. Samræmd lausn mundi einnig tryggja samfellu þjónustunnar fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum í Evrópulöndum. Með hinu mikla magni umferðar yfir landamæri í Evrópu er vaxandi þörf fyrir sameiginlegar samskiptareglur fyrir gagnaflytninga vegna flutnings slíkra upplýsinga til opinberra neyðarsímsvörunarstöðva og neyðarþjónusta til að koma í veg fyrir hættu á ruglingi eða rangtúlkun á sendum gögnum.
- 6) Skilvirk framkvæmd samræmdrar rekstrarsamhæfðrar þjónustu fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum innan Evrópusambandsins krefst þess að radd/hljódsímtal, ásamt lágmarksgagnasafni sem verður til í kerfi í ökutæki um atvikið, séu send sjálfkrafa til viðeigandi opinberra neyðarsímsvörunarstöðva sem geta tekið við og notað staðsetningargögnin sem veitt eru.
- 7) Fyrirkomulaginu sem rekstraraðilar farsímaneta nota við að framsenda upplýsingar til opinberra neyðarsímsvörunarstöðva skal komið á á gagnsæjan hátt og án mismununar, þ.m.t., eftir því sem við á, hvers konar kostnaðarþættir.
- 8) Samræmd lausn um alla Evrópu gæti einnig tryggt rekstrarsamhæfi þróaðs hugbúnaðar fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum, svo sem veitingu viðbótarupplýsinga, t.d. frá árekstrarnemum, um tegund hættulegs varnings sem fluttur er eða fjölda farþega í ökutæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 46. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 217, 6.8.1991, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

- 9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ⁽⁵⁾ er þess almennt krafist að réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs og gagnaverndar sé virtur til fulls og að nægilegar tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir séu gerðar í þeim tilgangi. Þó heimilar hún notkun neyðarþjónusta á staðsetningargögnum án samþykkis hlutadeigandi notanda. Aðildarríkin skulu einkum tryggja að gagnsæjar málsmeðferðarreglur gildi um það hvernig rekstraraðili almenns fjarskiptanets og/ eða -þjónustu getur komist fyrir það að samþykki notanda liggja ekki fyrir að því er varðar vinnslu staðsetningargagna fyrir hverja línu um sig, þegar um er að ræða fyrirtæki sem bregðast við neyðarsímtölum og eru viðurkennd sem slík í aðildarríkinu.
- 10) Þjónustan fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum hefur verið hönnuð til að fylgja tilmælum starfshópsins um gagnavernd skv. 29. gr. sem er að finna í vinnuskjalinu um gagnavernd og afleiðingar framtaksverkefnisins um neyðarsímtöl fyrir einkalíf, sem samþykkt var 26. september 2006, þ.e. að ökutæki sem eru búin neyðarsímtalsbúnaði fyrir öikumenn á vegum skuli vera órekjanleg í venjulegri notkunarstöðu og að lágmarksgögn sem send eru með neyðarsímtalsbúnaði skuli innihalda lágmarksupplýsingar sem krafist er til viðeigandi afgreiðslu neyðarsímtala.
- 11) Þessi tilmæli munu gera aðildarríkjunum kleift að haga skipulagningu á því að bregðast við símtölum í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum eins og hentar best grunnvirki þeirra fyrir neyðarviðbrögð.
- 12) Aðgerðir samkvæmt aðgerðaráætlun Evrópusambandsins á sviði almannavarna skulu miða að því að samþætta markmið almannavarna annarra stefnu og aðgerðum Sambandsins og tryggja samræmi í áætluninni við aðrar aðgerðir Sambandsins. Þetta veitir framkvæmdastjórninni rétt til að framkvæma aðgerðir til að auka viðbúnað stofnana sem taka þátt í almannavörnum í aðildarríkjunum, með því að auka getu þeirra til að bregðast við neyðarástandi og með því að bæta viðbragðstækni og -aðferðir og skyndihjálp í kjölfar neyðarástands. Það getur falið í sér meðhöndlun og notkun upplýsinga úr símtölum í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum af hálfu opinberra neyðarsímsvörunarstöðva og neyðarþjónusta.
- 13) Til þess að framkvæmd þjónustunnar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum verði árangursrík í gervöllu Sambandinu er nauðsynlegt að fjalla um málefni tengd framkvæmdinni og að samræma tímaáætlanir varðandi innleiðingu nýrra kerfa. Evrópskur framkvæmdarverkvangur um innleiðingu á svörun símtala í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum sem

framkvæmdastjórnin kom á fót í febrúar 2009 sem samvinnuverkefni milli opinberra geirans og einkageirans, hefur gert öllum hagsmunaaðilum kleift að ræða og samþykkja meginreglur um samræmda og tímanlega framkvæmd.

- 14) Til þess að ná markmiðum þessara tilmæla er nauðsynlegt að halda áfram samræðum milli rekstraraðila farsímaneta og þjónustuveitenda og opinberra yfirvalda, þ.m.t. neyðarþjónusta.
- 15) Í ljósi stöðugar þróunar hugmynda og tækni eru aðildarríkin hvött til að efla og styðja þróun neyðarþjónustu, t.d. við ferðamenn og ferðalanga og við flytjendur hættulegs farms á vegum, og að styðja við þróun og notkun sameiginlegra tækniforskrifta skilflata við að tryggja rekstrarsamhæfi slíkrar þjónustu um alla Evrópu.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

- Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi samræmdum skilyrðum og reglum fyrir handvirk eða sjálfvirk neyðarsímtöl um fjarvirknibúnað sem er innbyggður í ökutæki til neyðarþjónustu opinberra neyðarsímsvörunarstöðva um samevrópska neyðarnúmerið 112.
- Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - „neyðarþjónusta“: þjónusta sem er viðurkennd sem slík af aðildarríkinu, sem veitir aðstoð hratt og tafarlaust við aðstæður þar sem bein hættu staðir að lífi eða limum einstaklinga, almannaheilbrigði eða -öryggi eða eignum í einkaeigu eða eigu hins opinbera eða umhverfinu, en þó ekki endilega takmarkað við þessar aðstæður,
 - „opinber neyðarsímsvörunarstöð“: staðurinn þar sem tekið er á móti neyðarsímtölum og er á ábyrgð opinbers yfirvalds eða einkarekinnar stofnunar sem er viðurkennd af landsyfirvöldum, þar sem „neyðarsímsvörunarstöð sem hentar best“ er sú sem er skilgreind fyrirfram af yfirvöldum til að taka á móti neyðarsímtölum frá tilteknu svæði eða neyðarsímtölum af tiltekinni tegund (t.d. neyðarsímtölum úr ökutækjum),
 - „símtal í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum“ (e. eCall): neyðarsímtal úr ökutæki í númerið 112, sem hringt er annað hvort sjálfvirkt með virkjun innbyggðra nema í ökutækinu eða handvirkt, sem flytur staðlað lágmarksgagnamengi um almenn fjarskiptanet og kemur á hljóðrás milli þeirra sem eru í ökutækinu og þeirrar opinberu neyðarsímsvörunarstöðvar sem hentar best,
 - „gildi fyrir flokk neyðarþjónustu“: 8 bita gildi, sem gefur til kynna um hvers konar neyðarsímtöl úr farsíma er að ræða (1-lögregla, 2-sjúkrabifreið, 3-slökkvilið, 4-landhelgisgæsla, 5-fjallabjörgunarsveitir, 6-handvirkt

⁽⁴⁾ Stjótt. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjótt. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

- neyðarsímtal, 7-sjálfvirkt neyðarsímtal, 8-til vara), eins og tilgreint er í töflu Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu: 10.5.135d TS 124.008,
- e) „aðgreinir fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“ eða „stöðuvísir (e. *flag*) símtals í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: það „gildi fyrir flokk neyðarþjónustu“ sem úthlutað er símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum samkvæmt tæknistaðli Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu ETSI TS 124.008 (þ.e. „6-handvirkt neyðarsímtal“ og „7-sjálfvirkt neyðarsímtal“), og gerir kleift að greina á milli símtala í 112 úr farsímaendabúnaði og símtala í 112 úr endabúnaði í ökutækjum og einnig milli handvirkra og sjálfvirkra símtala í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,
- f) „lágmarksgagnasafi“: upplýsingar sem senda skal til opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar samkvæmt staðlinum EN 15722 og
- g) „rekstraraðili fjarskiptanets“ eða „rekstraraðili farsímanets“: rekstraraðili almenns þráðlauss samskiptanets.
3. Aðildarríkin skulu setja ítarlegar reglur fyrir rekstraraðila almennra farsímaneta sem starfa í löndum þeirra um afgreiðslu símtala í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum. Reglurnar skulu vera í fullu samræmi við gagnaverndarákvæði í tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB. Þau skulu enn fremur tilgreina þá neyðarsímsvörunarstöð sem hentar best að beina símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar farsímaneta setji upp búnað til að sjá um „aðgreininn fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“ í kerfum sínum. Þetta skal koma til framkvæmdar eigi síðar en 31. desember 2014.

5. Rekstraraðilar farsímaneta skulu afgreiða símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum eins og hvert annað símtal í samevrópska neyðarnúmerið 112.

6. Aðildarríkin skulu fara fram á að landsyfirvöld þeirra tilkynni framkvæmdastjórninni um aðgerðir sem teknar eru varðandi þessi tilmæli, og um stöðu uppsetningar rekstraraðila farsímaneta á búnaði til að sjá um „aðgreininn fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“ í kerfum sínum fyrir marslok 2012, til að framkvæmdastjórnin geti látið fara fram endurskoðun með tilliti til nýrra krafna varðandi opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar.

Gjört í Brussel 8. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

varaforseti.